

Byggingarfulltrúi Borgarfjarðarhrepps
Borgarfjarðarhreppur
Hreppsstofa
720 Borgarfjörður (eystri)



Reykjavík 22. júlí 2016
UST201606-227/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis á Borgarfirði Eystra

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Borgarfjarðarhrepps er barst 29 júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis á Borgarfirði Eystra.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er um 9,9 ha að stærð og nær yfir hafnarsvæði Borgarfjarðarhafnar og Hafnarhólma. Einnig kemur fram að Hafnarhólmi er fyrir utan höfnina og að þangað sækja ferðamenn til fuglaskoðunar, þar sem þar er mikið fuglalíf.

Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið er fram koma í lýsingu um að með deiliskipulagi verði leitast við að samræma hefðbundna starfsemi bátahafnar og vinsæls ferðamannastaðar. Einnig tekur stofnunin undir að ekki er gert ráð fyrir að ganga á óraskað land utan hafnarsvæðisins sjálfs að undantekinni stígagerð og gerð aðstöðuhúss.

Samráð

Að mati Umhverfisstofnunar ætti auk þeirra stofnana sem taldar eru upp í lýsingu einnig að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem um náttúruminjar og fuglalíf er að ræða í Hafnarhólma.

Virðingarfyllt

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Sérfræðingur